

Sb. 631. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir rafveitu Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps.

Flm.: Finnur Jónsson, Sigurður Thoroddsen, Sigurður Bjarnason,
Barði Guðmundsson.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 1200000 króna innlent lán til viðbótarvirkjunar Rafveitu Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps.

G r e i n a r g e r ð .

Tillaga þessi er flutt eftir beiðni bæjarstjórnarinnar á Ísafirði og hreppsnefndar Eyrarhrepps. Verk þetta var hafið á síðastl. sumri og þá pöntuð þrýstivatnspípa og síðan vélar, er þarf til virkjunarinnar. Búið er nú að gera kaup á þrýstivatnspípu í Ameríku, og er hún væntanleg bráðlega. Einnig er von um, að nauðsynlegar vélar fáiast, einkum þar eð virkjun þessi er viðbótarvirkjun við aðra, sem fyrir er, á sama hátt og Sogsvirkjunin og viðbótarvirkjunin við Laxá. Leiðslur allar og stöðvarhús eru fyrir hendi, en þörf virkjunarinnar mjög brýn, vegna hraðfrystihúsanna og annars iðnaðar, sem risið hefur upp á virkjunarsvæðinu, síðan rafveitan tók til starfa. Virkjun þessi mundi síðar verða liður í kerfisbundinni rafvirkjun fyrir Vestfirði. Að öðru leyti visast til ýtarlegrar greinargerðar frá Rafveitustjórn Ísafjarðar og Eyrarhrepps. Þar segir svo:

„Árum saman var á Ísafirði starfandi hlutafélag, er nefndist Raflýsingarfélag Ísafjarðar. Það starfrækti rafstöð með oliumótorum og seldi bæjarbúum raforku á eina krónu og tíu auru kilóvattstundina seinasta árið, sem það starfaði, en árin þar á undan hafði rafmagnsverðið hjá félaginu verið ein króna og tuttugu til ein króna og þrjátíu aurar kilóvattstundin.

Þetta þótti bæði ófullnægjandi og dýrt, enda seldi félagið einungis raforku til ljósa.

Því var það, að Ísafjarðarhær, í félagi við Eyrarhrepp, réðst í það 1936 að virkja Fossaá í Engidal.

Var þar reist 850 hestafla stöð, og kostaði hún sem næst eina milljón og eitt hundrað þúsund krónur. Tók Rafveita Ísafjarðar og Eyrarhrepps til starfa þann 13. febrúar 1937, en jafnframt hætti Raflýsingarfélagið störfum.

Þó að ekki sé minnst á annað í þessu sambandi en hinn beina fjárhagslega ávinningur bæjarbúa við það, að rafveitan komst upp og tók til starfa fyrir stríð, þá er sá ávinningur einn ekkert smáræði, því að meðalverð á seldri raforku rafveitunnar er ekki enn þá komið upp úr 10 aurum kilóvattstundin, en hins vegar er raforkan í þorpunum hér í kring, sem áður höfðu sams konar verðlag á raforku og Raflýsingarfélagið, seld á 2 krónur til 2,50 kr. kilóvattstundin.

Strax í upphafi var ráð fyrir því gert að virkja síðar til viðbótar Selá í Engidal og jafnvel Langá líka, og var stöðvarhús sett þannig og haft það stórt, að í því rímuðust þrennar vélar, þ. e. fyrir allar þessar virkjanir.

Þannig hagar til á þessum stað, að fallhæð er mikil (308 metrar), en vatnsmagn takmarkað (minnsta rennsli ca. 50 sekúndulítrar). Bætir það þó mikið úr, að Fossaá rennur úr stöðuvatni og er vatnsforði þess notaður til miðlunar þann hluta árs, sem aðrennsli er minnst.

Með því að hafa vélar stöðvarinnar stærri en hæfði minnsta vatnsrennsli, eins og hér var gert, hefur fengizt meiri orka sumar, vor og haust en ella mundi hafa fengizt nokkurn tíma, enda mun nú engan iðra þess, að stöðin var höfð 850 hestafla stöð, en ekki 400 ha., eins og upphaflega hafði verið ráðgert og ráðlagt.

En nú er svo komið, að álag á vélarnar er á sumum tímum árs orðið eins mikið og þær orka ýtrast, og vill þá stundum svo fara, að vatnsforði Fossavatns sé til þurrðar genginn, áður en vorleysinga fer að gæta til fjalla.

Sökum þess, að raforkunotkun á virkjunarsvæðinu hefur aukizt miklu örar en nokkurn hafði órað fyrir, svo og vegna áður nefndrar vatnsþurrðar á útmánuðum þótti s. l. vetur óumflýjanlegt að ráðast þegar í virkjun Selár, og var hafizt handa um þá viðbótarvirkjun síðast liðið sumar.

Það helzta, sem unnið var að virkjun Selár og Nónhornsvatns, var þetta:

Langá var brúuð og lagður vegur yfir Engidal að hliðarfótum hinum megin dalsins. Við vegarenda var reist geymsluhús og smiðja. Þá var mælt fyrir þípulegu frá rafstöð að Nónhornsvatni og grafinn skurður fyrir þrýstivatnspípu sömu vegalengd. Þá var lögð sporbraut meðfram þípuskurði og steyptir járnhentir steinstöplar í gili, sem pípan á að leggjast yfir. (Þípulengd er röskir 2000 metrar). Lögð var lágspennulína frá rafstöð að brautarenda og þar settur niður rafmagnsmótor, til þess að draga vagna eftir sporbrautinni upp aðalbrattann, þangað sem beltis-traktor, er rafveitan á, getur tekið við flutningunum að Nónhornsvatni. Á þessari sporbraut var flutt allt byggingarefni í steinstöplana í hliðinni s. l. sumar m. m., og einnig er ætlunin sú að flytja á henni allt það byggingarefni, sem flytja þarf í stíflu við Nónhornsvatn, hina þungu þrýstivatnspípu og fleira. Hafa flutningarnir, sem kostuðu geysifé við Fossavatnsvirkjunina, þannig verið leystir á hinn haganlegasta, en þó tiltölulega ódýran hátt.

Búinn út svefnskáli fyrir verkamenn með íbúðarherbergi ráðskonu og reistur skáli til að matast í heima við rafstöð. Einnig var reistur stór skáli við Nónhornsvatn.

Að síðustu var svo sprengdur innfærsluskurður í Nónhornsvatn og að nokkru sprengt fyrir stíflustæði.

Skal hér nú gefið yfirlit yfir áætlað kostnaðarverð viðbótarvirkjunarinnar við Selá:

Sá hluti verksins, sem unninn var s. l. sumar, kostaði alls, að meðtöldum ýmiss konar undirbúningi	135000 kr.
Þá hefur verið smíðaður í Reykjavík efri hluti þrýstivatnspípunnar úr tré, og kostar hann auk flutningskostnaðar úr Reykjavík á virkjunarstaðinn	ca. 90000 —
Járnpípa, sem pöntuð hefur verið frá Ameríku, kostar hingað komin	ca. 300000 —
Vélar, sem einnig hafa verið pantaðar í Ameríku, má búast við, að kosti eigi minna en	ca. 300000 —
Þá er eftir bygging stíflu við Nónhornsvatn, sem áætlað er, að kosta muni ásamt niðursetning véla og þrýstivatnspípu og ýmislegs annars	h. u. b. 400000 —
	1225000 kr.

Ef til vill þykir nú ekki líklegt, að fyrirtækið geti svarað vöxtum af nokkuð á þriðju milljón króna, en raforkunotkunin er í örum vexti, eins og eftirfarandi yfirlit sýna.

Selt rafmagn:

1937 fyrir	81701.16 kr.
1938 —	118291.13 —
1939 —	135610.58 —
1940 —	203046.77 —
1941 —	229493.48 —

Árið 1942 er enn þá óuppgert, en tekjur þess munu verða hátt á þriðja hundruð þúsund króna.

Raforkuframléiðslan í orkuverinu hefur verið þessi frá byrjun til loka síðasta árs:

1937	664400	kilóvattstundir.
1938	1597890	—
1939	1499010	—
1940	2039700	—
1941	2307130	—
1942	2676960	—

Fyrsta árið, sem rafveitan starfaði (1937), voru seldar til suðu 146707 kilóvattstundir, en árið 1941 var stundanoftkunin orðin 531619 kilóvattstundir.

Til brauðgerðarhúsa (þ. e. til bökunarofna þeirra) var engin orka seld 1937, en árið 1941 voru 112052 kilóvattstundir seldar til tveggja brauðgerðarhúsa, sem þá höfðu komið sér upp rafmagnsbökunarofnum. Á síðari hluta ársins 1942 bættist svo þriðja brauðgerðarhúsið við, og er þá aðeins eitt eftir, sem notar kolaofn.

En langmest aukning er þó á rafmagnssölunni til stærri véla. Eru hraðfrystihúsin og ishúsin yfirleitt langstærsti notandinn í þeim flokki rafmagnsnotenda. Árið 1937 voru aðeins seldar 30621 kilóvattstund til stærri véla, og gerði það þá 1,68% af orku stöðvarinnar. En 1941 var þessi sala orðin hvorki meira né minna en 573433 kilóvattstundir, og er það 28,1% af afli orkuversins að Fossum. Að krónutali nam þessi orkusala 1941 51470 krónum, og er það 24,19% af tekjum stöðvarinnar.

Vitað er um mjög mikla aukningu á þessum lið raforkusölnunnar á næstu árum. Til dæmis er hér nú eitt hraðfrystihús í byggingu, og til stendur að stækka tvö önhur. Einnig verður hafin bygging stórrar vélsmiðju, sem vafalaust krefst mikillar raforku, núna með vorinu.

Ljósatekjurnar, sem námu 1937 61% af öllum tekjum stöðvarinnar, nema nú aðeins 30,6% af heildartekjunum, og er það 65100 króna fjárupphæð. (Að krónutali voru ljósatekjurnar 1937 42629.67 krónur.) Nú fara aðeins 4,2% af orku stöðvarinnar

til húsalýsingar og 2,4% til hafnar- og gatnalýsingar bæði í bænum og Eyrarhreppi. Þannig eru það nú ein 6,6% af stöðvarorkunni, sem fara til lýsingarinnar á virkjunarsvæðinu.

Af þeim tölum, sem hér hafa verið nefndar, kemur í ljós, að vöxtur raforku-notkunar á virkjunarsvæðinu er geysimikill, og eru engar líkur til, að neinn verulegur hluti af orku stöðvarinnar verði óseldur, þrátt fyrir viðbótarvirkjunina, þegar sú aukning stærri iðnaðar, sem nú er vitað um, er komin til framkvæmda. En það mun að öllum líkindum verða um það bil, sem þessari viðbótarvirkjun verður lokið.

Þó að hér að framan hafi verið vikið að einstökum tekjuliðum stöðvarinnar, þykir rétt að birta í þessari greinargerð yfirlit yfir heildartekjurnar. Voru þær þessar og skiptast þannig eftir orkunotum árið 1941:

Ljósatekjur	65100 kr. =	30,60 % af tekjunum, en	4,2 % af orkunni.
Suðurafmagn	44385 --- =	20,86 --- ---	--- 26,7 --- ---
Hitarafmagn	32787 --- =	15,41 --- ---	--- 32,7 --- ---
Orka til smærri véla ..	6275 --- =	2,95 --- ---	--- 1,0 --- ---
--- stærri véla ...	51470 --- =	24,19 --- ---	--- 28,1 --- ---
--- bókunar	4524 --- =	2,13 --- ---	--- 5,5 --- ---
--- götulýsingar .	5276 --- =	2,47 --- ---	--- 2,0 --- ---
--- hafnarlýsingar	2794 --- =	1,31 --- ---	--- 0,4 --- ---

Allgóðan tekjuafgang hefur stöðin haft öll rekstrarárin, en hæstur varð hann síðasta árið, sem reikningar eru til yfir, þ. e. 1941, en þá var tekjuafgangur stöðvarinnar 95003.48 krónur. Svipaðrar afkomu ætti að mega vænta árið 1942.

Verðbreytingar hafa ekki verið miklar á raforkunni hjá Rafveitu Ísafjarðar, síðan 1937. Verð á rafmagni til ljósa hefur verið óbreytt frá byrjun. Verð á rafmagni til smáiðnaðar og bókunar sömuleiðis. En verð á hitarafmagni hefur breytt úr 4 aurum kílóvattstundin í 5 auru, nema þegar verðið einstöku sinnum, stuttan tíma í einu að vetrinum, hefur verið sett svo hátt, að það útilokaði notkun. Suðurafmagn var fyrst á 7 auru kílóvattstundin, síðar var því breytt í 8 auru og nú á síðasta ári í 10 auru á kílóvattstund. Verð á raforku til stærri véla breyttist í samræmi við verðbreytingar olíu, en aðrar breytingar hafa ekki verið á því gerðar.

Þetta getur ekki heitið mikil verðhækkun á rafmagninu, og stafar því aukning teknanna aðallega af aukinni notkun. En nú hefur rafveitustjórn óskað samþykkis rafmagnseftirlits ríkisins á allverulegum breytingum á gjaldskrá Rafveitunnar, með tilliti til aukinnar tekjuþarfar vegna viðbótarvirkjunarinnar. Samkvæmt þeim tillögum verður ljósarafmagn með óbreyttu verði, en hitarafmagn hækkar úr 5 aurum í 12 auru, bókunarrafmagn úr 6 aurum í 12 auru og suðurafmagn úr 10 aurum í 12 auru. Þá hækki rafmagn til smáiðnaðar úr 25 aurum í 50 auru. Einnig var lagt til, að orkuverð til hafnar- og götulýsingar hækkaði nokkuð.

Ætti af þessu að verða veruleg tekjuhækkun á þessu ári hjá Rafveitunni.

Oss er að visu ljóst, að búast má við minni ágóða af Rafveitunni eftir stækkunina, en vér lítum ekki fyrst og fremst á Rafveituna sem gróðafyrirtæki. Hitt lítum vér miklu fremur á, að oss beri skylda til að fullnægja nokkurn veginn raforkuþörfinni á virkjunarsvæðinu --- og alveg sérstaklega þörf atvinnuveganna ---, að svo miklu leyti sem virkjunarskilyrði leyfa. Og því verður ekki neitað, að skilyrðin eru hér hin hagstæðustu við virkjun Selár og Nónhornsvatns, það sem þau nema.

Það á að vera megin kostur þessarar viðbótarvirkjunar, að vélasamstæður Fossavatns og Nónhornsvatns verða samvirkar, þannig að þær geta hvor um sig notfært sér vatnsafl beggja vatnanna, og einnig starfað háðar saman, þegar vatnsafl er nægilegt til þess.

Mun því í fyrsta lagi aukast stórlega öryggi orkuversins, sem fyrir er með tveimur vélasamstæðum, og í annan stað fáum vér vor, sumar og haust og stundum meginhluta ársins (í mildum veturnum) 1600—1700 hestafla stöð í þjónustu vora með þessari viðbótarvirkjun.

Virkjunarframkvæmdirnar komust það áleiðis s. l. sumar, að auðsætt er, að þeim má hæglega ljúka á sumri komanda, ef ekki stendur á vélunum. Er það og áætlunin, að svo verði gert.

Tréþípan er þegar fullger í Reykjavík og nokkur hluti hennar kominn á virkjunarstaðinn. Járnpípan mun vera komin til afskipunar í New-York, og túrbína og rafall gerum vér oss vonir um, að geti komið fyrir næsta haust, eftir þeim fréttum, sem nú hafa af þeim borizt.

Það er því ósk vor, að hið háa Alþingi sjái sér fært að veita Rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps einnar milljón tvö hundruð þús. króna ríkisábyrgð á þessu þingi, til þess að hún geti fengið sem hagstæðust lán til framkvæmda sinna.

Leggjum vér ríka áherzlu á þá staðreynd, að í viðbótarvirkjun þessa er fyrst og fremst ráðið vegna auðsærrar, aðkallandi þarfar útgerðarinnar og stærri iðnaðar í bænum, og væntum vér fastlega, að á það verði litið með velvild af Alþingi Íslendinga.“